

Fundargerð 981. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 13. júní kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Anna Sigríður Guðnadóttir boðaði forföll en ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hennar.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, Grétar Sveinn Theodórsson samskiptastjóri, Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri, Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 980. fundar - 2410016SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 980. fundar stjórnar Sambandsins frá 27. maí 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Endurgreiðslur ríkissjóðs vegna fjárhagsaðstoðar við erlenda ríkisborgara - 2506006SA

Lagt fram minnisblað frá stjórnsýslusviðs, dags. 10. júní 2025, um endurskoðun á reglugerð skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu nr. 40/1991.

Stjórn tekur undir áhyggjur starfsfólks í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Ákall er um skýrari og nánari leiðbeiningar og verklag frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu um túlkun á 15. gr. laga um félagsþjónustu og í hverju felst nákvæmlega aðstoð við erlenda ríkisborgara í sérstökum tilvikum. Einnig þarf að skýra betur aðkomu sveitarfélaga og hlutverk þeirra þegar um er að ræða einstakling/hópa sem eru ekki með lögheimili á Íslandi og grunsemdir eru um mansal. Reynsla sveitarfélaga er að vinna með þessum einstaklingum og hópum getur verið tímafrek og flókin og margt sem þarf að skýra betur í vinnslu þessara mála.

Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með félags- og húsnæðismálaráðherra og dómsmálaráðherra til að koma á framfæri framangreindum sjónarmiðum.

3. Umsögn um drög að reglugerð um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni - 2505006SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 27. maí 2025, um drög að reglugerð um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, mál nr. S-84/2025.

4. Tilnefning í fornminjanefnd - 2505013SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 30. maí 2025, þar sem Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi í Reykjavík og stjórnarmaður hjá Sambandinu, er tilnefndur sem aðalmaður í fornminjanefnd, og Nanný Arna Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi á Ísafirði og stjórnarmaður hjá Sambandinu, til vara.

5. Tilnefning í starfshóp um eftirfylgni framkvæmdaáætlunar í barnavernd - 2505007SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 3. maí 2025, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um eftirfylgni framkvæmdaáætlunar í barnavernd 2023-2027.

6. Umsögn um áform um endurskoðun sveitarstjórnarlaga - 2505014SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 2. júní 2025, um áform um endurskoðun sveitarstjórnarlaga, mál nr. S-88/2025.

Í lok fundar kynnti formaður beiðni frá fjármálaráðuneytinu um þátttöku hans í vettvangi um undirbúning stofnunar innviðafélags á vegum ríkisins.

Fundi var slitið kl. 08:15